

Námsáætlun fyrir hönnun og smíði - 5. bekkur
skólaárið 2020 - 2021



Kennari: Jóhanna Kristín Hauksdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálf skólaárið

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Handverk, aðferðir og tækni	<p>Valið og notað mismunandi aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum</p> <p>Unnið úr nokkrum gerðum smíðaefna s.s. mdf, krossvið(birki og greni) og furu.</p> <p>Unnið eftir einföldum leiðbeiningum</p>	<p>Nemendur þjálfast í að nota hefilbekk, helstu mælitæki s. s. málstokk og málband.</p> <p>Nemendur læri að nota raspa, þjalir og mismunandi sandpappír sem hæfir efni.</p> <p>Nemendur læri að nota sög, hamar, naglbít, skrufjárn, og flest önnur handverkfæri. Einnig borvél, juðara og tifsög.</p> <p>Nemendur þjálfist að nota akrýlliti, bæs, lökk og persónuhlífar.</p>	<p>Kennari sinnir leiðsagnarmati á meðan á vinnu nemenda stendur.</p> <p>Vinnubrögð og færni eru metin á vinnutímabilinu.</p> <p>Frammistaða í tímum er metin.</p>
Sköpun, hönnun og útfærsla	<p>Tjáð hugmyndir sínar með þvííðri skissu</p> <p>Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð á mismunandi hátt.</p> <p>Greint þarfir í umhverfi sinu og rætt lausnir.</p>	<p>Krossviður- fura. Nemendur teikna mynd af viðfangsefni eftir eigin hugmynd, yfirfæra á krossvið eða furu. Forma með viðeigandi verkfærum. Slípa, lita og lakka.</p> <p>Krossviður– Plexigler. Verkefni af ýmsum toga</p>	<p>Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu.</p>

<p>Menning og umhverfi</p>	<p>Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt</p> <p>Notað ný og endurunnin efni í smíðavinnu.</p> <p>Noti tilheyrandi hlífðarbúnað og vinnustellingar.</p>	<p>Nemendur læri um íslenskar viðartegundir og vinni verkefni tengdum þeim.</p> <p>Sem dæmi: Nemandi finnur efni úti, ke,ur með efnið í smíðastofuna og vinnur með það.</p> <p>Noti hlífðargleraugu og eyrnahlífar.</p>	<p>Metin er skilningur nemenda á mismunandi smíðaeftum.</p> <p>Metin er hænfi til að vinna með ólíkum vinnubrögðum við verkefnagerð.</p>
<p>Námsgögn: Bækur, blöð og snið sem tengist smíði, verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans.</p>			
<p>Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.</p>			